

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur  
forstöðumaður umhverfis- og hönnunardeildar

Efni: Kaldárselsrétt - endurbygging.

Íshestar ehf og félagsmenn hestamannafélagsins Sörla hafa um árabíl notið áningar með hesta sína í Kaldárselsrétt enda umhverfið allt hið fegursta og fjarlægð frá hesthúsum þægileg.

Oft hefur verið um það rætt að nauðsyn bæri til að endurgera réttina eða það sem er mun fýsilegri kostur að fjarlægja leyfarnar og byggja snyrtilegt áningarhólf sem yrði sómi að.

Íshestar og Sörla eru reiðubúin að koma að því máli með Hafnarfjarðarbæ og vildi undirritaður ásamt formanni Sörla, Magnúsi Sigurjónssyni gjarnan koma á fundi með aðilum til að ræða málin.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. Sörla og Íshesta ehf

